

**Ed.**

**877. Breytingartillögur**

[312. mál]

við frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi hf. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr.
2. Við 4. gr. Í stað „5 MW“ komi: 10 MW.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi nema fulltrúar ríkisins, sem skulu skipaðir af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaáild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnaðarráðherra formann stjórnar.
5. Aftan við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða:  
Ekki er heimilt að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju né veita ríkisábyrgð fyrir lánnum eða taka lán skv. 2. tölulið 5. gr. í því skyni fyrir en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða.